

máls þessa og að stefnandi hafi ekki undir rekstri málsins fært nægjanleg rök að kröfu sinni, sérstaklega þegar þess er gætt, að Guðmundur Bæring hefur staðfest, að kaup hans hafi, áður en hann kom að Tröð, verið svipað því, sem hann fékk greitt hjá stefnda, sem og hins, að stefnandi hefur sjálfur lagt fram vottorð á réttarskjali nr. 6, sem sýnir, að skjólstæðingur hans hefur árum saman haft svipað kaup, eftir það að hann fór frá stefnda, og hann hafði hjá honum.

Eftir þessu þykir bera að sýkna stefnda Guðbrand Magnússon, bónda að Tröð, af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Benjamínssonar, Grund, í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Hinrik Jónsson sýslumaður kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbrandur Magnússon, bóndi að Tröð í Kolbeinsstaða-hreppi, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Benjamínssonar, bónda að Grund, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1952.

Vélsmiðjan Þór h/f (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Ólafi Ásgeirssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
 í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Námssamningur. Kaup iðnnema og orlof.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1950. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum stefnda, en *til vara*, að dómkrafa hans verði lækkuð í kr. 324,01. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfur stefnda á hendur áfrýjanda sundurliðast þannig:

1. Vangoldið kaup fyrir tímabilið 10. desember 1947 til 31. ágúst 1949 kr. 1188.48
2. Vangoldið kaup fyrir einn orlofsdag sumarið 1948 — 29.52
3. Vangoldið orlofsfé af kaupi fyrir helgidagavinnu og eftirvinnu árið 1948 til 31. ágúst 1949 — 62.17

Um 1. Hinn 14. desember 1946 gerðu aðiljar máls þessa með sér samning um vélvirkjanám stefnda hjá áfrýjanda, og var þar m. a. kveðið á um kaup stefnda, meðan á námstíma stæði. Námssamningur þessi var staðfestur af iðnaðarfulltrúum 30. desember 1946 og áritaður af lögreglustjóra 3. febrúar 1947, eins og ráð er fyrir gert í 1. gr. laga nr. 100/1938.

Í júlímánuði 1945 varð að samkomulagi með áfrýjanda og nemendum þeim, er þá stunduðu nám hjá honum, að kaup þeirra skyldi ákveðið með sama hætti og hjá járníðnaðar-nemendum í Reykjavík. Gilti samkomulag þetta til ársloka 1946. Þetta tímabundna samkomulag, sem fól í sér svipuð kaupkjör og stefnda voru áskilin í fyrrnefndum námssamningi, getur ekki talizt veita kröfu stefnda rökstuðning, og sama máli gegnir um kjaraákvæði þau, er iðnaðarfulltrúarnir auglýstu í Lögbirtingablaði 31. ágúst 1945 og á þeim tíma voru svipuð ákvæðum þeim, sem greindi í námssamningnum. Námssamningur þessi var hins vegar gerður af aðiljum og samþykktur af iðnaðarfulltrúum, eins og fyrr getur, og verður eigi séð, að iðnaðarfulltrúarnir hafi brotið lög með því samþykki sínu. Verður því að telja stefnda við þann samning bundinn og sýkna áfrýjanda af kröfu hans um frekari kaupgreiðslu. Af þessu leiðir, að sú krafa áfrýjanda um endurgreiðslu, sem í héraðsdómi getur, kemur eigi til greina.

Um 2. Samkvæmt 2. gr. námssamnings aðiljanna, sbr. 2. málsg. 9. gr. laga nr. 100/1938, átti stefndi rétt til leyfis, 12 virka daga á ári, með fullu kaupi, en hann hefur aðeins fengið greitt fyrir 11 daga árið 1948. Áfrýjandi hefur ekki, gegn andmælum stefnda, fært sönnur á, að skerða beri þenna rétt hans, og ber því að taka þessa kröfu stefnda til greina.

Um 3. Gegn andmælum verður áfrýjandi eigi dæmdur til greiðslu orlofsfjár af kaupi fyrir eftirvinnu og helgidagavinnu, sbr. a-lið 1. gr. laga nr. 16/1943 og 2. málsg. 9. gr. laga nr. 100/1938, og ber því að sýkna hann af þeirri kröfu stefnda.

Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjanda verður dæmt að greiða stefnda kr. 29.52 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki tekið framkomna frávísunarkröfu sérstaklega til úrlausnar, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vélsmiðjan Þór h/f, greiði stefnda, Ólafi Ásgeirssyni, kr. 29.52 með 5% ársvöxtum frá 17. september 1949 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 20. janúar 1950.

Ár 1950, föstudaginn 20. janúar, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af hinum reglulega dómara, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 9. jan. s.l.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. des. s.l., en endurupptekið 30. des. s.l. sökum ófullnægjandi kröfugerðar, hefur Ásberg Sigurðsson, lögfræðingur á Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. sept. 1949, f. h. Ólafs Ásgeirssonar vélvirkjanema, Fjarðarstræti 24, Ísafirði, gegn Ólafi Guðmundssyni framkvæmdarstjóra f. h. Vélsmiðjunnar Þórs h/f, Ísafirði, til greiðslu á vangoldnu kaupi Ólafs Ásgeirssonar á tímabilinu 10. des. 1947 til 1. sept. 1949, kr. 1280.17, ásamt 5% ársvöxtum frá 17. sept. 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin málflutningslaun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi sundurliðaði kröfur sínar þannig:

Kaup fyrir tímabilið 10. des. 1947 til 12. nóv. 1948	kr.	86.40
— — — 12. nóv. 1948 til 3 $\frac{1}{8}$ 1949	—	1102.08
— — orlofsfrídag	—	29.52
Orlofsfé af eftir- og helgidagavinnu árið 1948—3 $\frac{1}{8}$ 1949	—	62.17

Samtals kr. 1280.17

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og að náms-samningur Vélsmiðjunnar Þórs h/f við Ólaf Ásgeirsson verði dæmdur gildur. Þá krefst stefndi þess, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Til vara krefst stefndi þess, ef kröfur stefnanda verði teknar til greina, að skuldajafnað verði við kröfur hans kr. 540.51, sem stefndi kveðst hafa ofgreitt stefnanda til 1/3 1948, og kr. 415.65 fyrir tímabilið 12/11 1946 til 12/4 1948 eða samtals kr. 956.16.

Þá hefur stefndi mótmælt kröfu stefnanda um greiðslu fyrir orlofsfridag og orlofsfé af eftir- og helgidagavinnu.

Málavextir eru þessir:

Ólafur Ásgeirsson vélvirkjanemi hóf iðnaðarnám 12. nóv. 1946 hjá Vélsmiðjunni Þór. Náms-samningurinn er dagsettur 14. des. 1946 og staðfestur af iðnaðarfulltrúunum í Reykjavík 30. des. s. á., en áritaður af lögreglustjóranum á Ísafirði 3. febr. 1947. Í náms-samningnum var grunnkaup nemandans ákveðið kr. 0.88 á klukkustund fyrsta árið, kr. 1.05 annað árið, kr. 1.23 þriðja árið og kr. 1.40 fjórða árið. Kaupgreiðsla skyldi fara fram vikulega eftir á. Árlega átti nemandinn að fá 12 daga fri með fullu kaupi. Á kaupíð skyldi greiðast verðlagsuppbót.

Á öðru námsári, 10. des. 1947, varð kaupgjaldsbreyting hjá sveinum í Reykjavík. Grunnkaup sveina var þá ákveðið 170 krónur á viku. Við þá breytingu varð kaup umbjóðanda stefnanda lægra en það hefði orðið, ef farið hefði verið eftir reglum, sem iðnaðarfulltrúarnir höfðu auglýst 31. ágúst 1945 um kjör iðnnema.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefnda hafi verið kunnugt um auglýsingu iðnaðarfulltrúanna, er náms-samningurinn var gerður við Ólaf Ásgeirsson, og vitnar hann því til sönnunar til bréfs iðnnema hjá Vélsmiðjunni Þór, dags. 28. des. 1945, þar sem vitnað er til þessarar auglýsingar. Hefur stefnandi haldið því fram, að stefndi hafi ekki verið í góðri trú, er samningurinn var gerður. Þá hefur hann haldið því fram, að iðnaðarfulltrúarnir muni hafa ritað samþykki sitt á námssamninginn, enda þótt hann bryti í bága við auglýsingu þeirra, sökum þess að svo var frá samningnum gengið, að tímakaup það, er stefndi greiddi, hafi verið hærra en sá hundraðshluti af sveinakaupi, sem ákveðinn var í auglýsingunni. Á þessu varð ekki breyting fyrr en hækkun varð á sveinakaupi í Reykjavík í árslok 1947.

Stefnandi heldur því fram, að lágmarkskaup samkvæmt ákvæðum tilkynningar iðnaðarfulltrúanna hafi tvímælalaust verið bindandi fyrir stefnda. Þá hefur hann haldið því fram, að að því leyti, sem stefndi hafi greitt umbjóðanda stefnanda hærra kaup eftir námssamningnum en ákveðið var í auglýsingu iðnaðarfulltrúanna, sé hann bundinn eftir almennum samningsreglum og eigi því ekki endurkröfurétt á þeirri greiðslu.

Stefndi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að auglýsing iðnaðarfulltrúanna frá 31. ágúst 1945 eigi hér ekki við, sökum þess að aðaltilgangurinn með henni sé sá, að leiðrétta kjör nemenda í þeim iðngreinum, þar sem kaupíð er lægst.

Í því sambandi lét stefndi þess getið, að kaup umbjóðanda stefnanda

hafi numið árið 1947 kr. 9349.98 og árið 1948 kr. 8533.42, og hefur hann haldið því fram, að það verði að teljast sómasamlegt kaup nemanda á 1. og 2. námsári.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að sér hafi ekki verið kunnugt um auglýsingu iðnaðarfulltrúanna, er námssamningurinn var gerður. Náms-samningurinn hafi því verið gerður með sömu kjörum og áður hafi tíðkast hjá fyrirtækinu. Þá benti stefndi á það, að námssamningurinn hefði verið samþykktur athugasemdalaust af iðnaðarfulltrúunum í Reykjavík og af lögreglustjóra. Af þessum ástæðum hafi nemandanum verið greitt eftir námssamningnum til þessa, og hafi hann engum mótmælum hreyft fyrr en 20. okt. 1948. Þá fór hann þess á leit við verkstjóra vélsmiðjunnar, að kjörunum yrði breytt til samræmis við auglýsingu iðnaðarfulltrúanna. Verkstjórinn kom síðan tilmælum nemandans á framfæri við framkvæmdarstjóra félagsins, en þau voru ekki tekin til greina.

Stefndi hefur upplýst, að eftir árslok 1948 hafi þeim 4 iðnnemum, sem teknir voru til náms, verið greitt kaup eftir auglýsingu iðnaðarfulltrúanna.

Í 1. grein laga um iðnaðarnám nr. 43/1940 er svo ákveðið, að iðnaðar-námssamningur sé því aðeins löglegur, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem iðnaðarfulltrúarnir hafi komið sér saman um að setja um slíka samninga. Samkvæmt þessari lagaheimild birtu iðnaðarfulltrúarnir tilkynningu þá í Lögbirtingablaðinu 31. ágúst 1945, sem áður hefur verið getið. Þar segir svo meðal annars:

„Að undanförmu hafa kjör iðnnema í ýmsum iðngreinum verið svo léleg, að þeir hafa hvergi nærri borið úr býtum, sem svarar framfærslu-kostnaði yfir námstímann, sem þó mun samkvæmt iðnnámslögum mega telja lágmarkskröfu, þar sem jöfnum höndum er gert ráð fyrir þeim möguleika, að nemandinn hafi framfæri á vegum meistara eða fái greitt kaup.

Með tilvísun í ofanefnda lagaheimild og til leiðréttingar á kjörum nemenda í þeim iðngreinum, þar sem kaup hefur verið lægst, hafa iðnaðarfulltrúarnir í samráði við iðnaðarmálaráðherra ákveðið að setja eftirfarandi skilyrði um kaup og kjör fyrir áritun iðnnámssamninga:

1. Kaup iðnnema sé viku- eða mánaðarkaup (ekki tímakaup).

2. *Lágmarkskaup* verði sem hér segir:

Á 1. námsári 25% af samningsbundnu kaupi sveina í sömu iðn á hverjum stað.

Á 2. námsári 30% af samningsbundnu kaupi sveina í sömu iðn á hverjum stað.

Á 3. námsári 40% af samningsbundnu kaupi sveina í sömu iðn á hverjum stað.

Á 4. námsári 45% af samningsbundnu kaupi sveina í sömu iðn á hverjum stað.“

Þessi fyrirmæli iðnaðarfulltrúanna verða naumast skilin á annan veg en að óheimilt sé að greiða nemendum lægra kaup. Þegar staðfesting fór fram á námssamningi umbjóðanda stefnanda, voru launakjör hans nokkru hærri en ákveðið hafði verið í auglýsingu iðnaðarfulltrúanna, en

með tilliti til þess, sem á undan var gengið, verður að líta svo á, að sú staðfesting hafi verið bundin því skilyrði, að kaup nemandans færi ekki niður úr því lágmarki, sem iðnaðarfulltrúarnir höfðu komið sér saman um að setja.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf stjórnarformanns Vélsmiðjunnar Þórs h/f til járníðnaðarnema fyrirtækisins, dags. 5. júlí 1945, þar sem frá því er skýrt, að samkomulag hafi orðið milli nemenda fyrirtækisins og stjórnarinnar um það, ef breytingar yrðu á kjörum járníðnaðarnema í Reykjavík á næsta ári, þ. e. 1946, þá skyldu kjör nemenda hjá Þór h/f breytast í samræmi við það.

Stefndi hefur haldið því fram, að samkomulag þetta ætti aðeins við þá nemendur, sem að samningsgerðinni stóðu, en ekki þá, er síðar komu.

Á það verður þó ekki fallið, því ráða má það af orðalagi rskj. nr. 12, að ætlunin hefur verið, að nemendur í þjónustu stefnda nýtu sömu kjara og nemendur í hliðstæðum atvinnugreinum í Reykjavík.

Dómarinn lætur þess getið, að kaup það, sem umbjóðandi stefnanda hefur fengið greitt, t. d. árið 1948, geti engan veginn talið sómasamlegt, eins og stefndi hefur haldið fram, þegar þess er gætt, hversu verðlag á öllum nauðsynjum hefur hækkað. Verður ljóst, við hver kjör nemandinn hefur búið, þegar kunnugt er, að af þeim kr. 8533.42, sem hann fékk greiddar, voru kr. 1044.09 fyrir eftirvinnu og næturvinnu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður dómarinn að líta svo á, að stefndi hafi verið bundinn við þau lágmarkskjör, sem ákveðin voru í auglýsingu iðnaðarfulltrúanna.

Ber stefnda því að greiða stefnanda umstefnda upphæð.

Stefndi hefur gert þá varakröfu, að skuldajafnað verði við kröfu stefnanda kr. 956.16, sem stefndi kveðst hafa ofgreitt umbjóðanda stefnanda, miðað við kjör samkvæmt auglýsingu iðnaðarfulltrúanna.

Dómaranum þykir eigi ástæða til skuldajafnaðar, sökum þess að upphæð sú, sem um ræðir, er greidd eftir námssamningnum, enda átti umbjóðandi stefnanda ekki sök á, að hann var ekki í samræmi við reglur iðnaðarfulltrúanna.

Stefndi hefur ekki fært fullnægjandi rök að því, að skerða beri rétt umbjóðanda stefnanda til orlofsfrís um einn dag.

Dómarinn getur ekki fallið á þá skoðun stefnda, að undir úrskurð félagsdóms heyri kröfur stefnanda um orlofsfé af eftir- og helgidagavinnu 1948—1949. Frávisunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina. Krafa stefnanda um orlofsfé af eftir- og helgidagavinnu þykir vera réttmæt, og ber því að dæma stefnda til að greiða þá upphæð. Þá ber að taka vaxtakröfu stefnanda til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka ber til greina kröfu stefnanda að öðru leyti en því, að eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Þór h/f, Ísafirði, greiði stefnanda, Ásberg Sig-

urðssyni f. h. Ólafs Ásgeirssonar, kr. 1280.17, ásamt 5% ársvöxtum frá 17. september 1949 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1952.

Kærumálið nr. 3/1952.

Rafmagnseftirlit ríkisins

gegn

Kirkjusandi h/f.

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Synjun vitnaleiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 29. janúar 1952, sem Hæstarétti barst 6. febrúar s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 23. janúar 1952 í hæstaréttarmálinu Kirkjusandur h/f gegn Rafmagnseftirliti ríkisins. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úrgildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Á öndverðu ári 1946 framkvæmdi sóknaraðili jarðborun eftir köldu vatni á Kirkjusandi í Reykjavík handa frystihúsi varnaraðilja þar. Að verki loknu sendi sóknaraðili honum reikning fyrir það, er nam kr. 17.012.43, en frá þeirri fjárhæð dróst kr. 4.000.00, er varnaraðili hafði greitt, meðan á verkinu stóð. Varnaraðili neitaði að greiða meira en hann hafði þegar gert. Höfðaði sóknaraðili þá mál á hendur varnaraðilja